

Hringur Jóhannesson sýnir að Kjarvalsstöðum

Afrakstur þriggja ára


Í dag kl. 14 opnar Hringur Jóhannesson listmálari sýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum. Þar sýnir hann tæplega eitt hundrað myndir, 51 olfúmalverk og 43 teikningar unnar með svartri merkikrít, blýanti, tússi, filtpenna ofl.

Málverkin á þessari sýningu eru afrakstur síðustu þriggja ára en teikningarnar spanna yfir 15 ára tímabil. Eg grip oft til teikninganna á vetrum ýmist til að hvíla mig á málverkinu eða til að gera skissur að og undirbúa málverkin, sagði Hringur er blaðamaður ræddi við hann í gær.

Hring ætti að vera óþarft að kynna því hann hefur skipað sér í flokk fremstu myndlistar-

manna þjóðarinnar. Hann hefur haldið 11 meiriháttar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga, innlendra sem erlendra. Nú á hann td. níu olfúmalteymyndir á norrænu farandsýningunni Óga mot óga sem hófst í Sokkhólmi í nóvember sl. en hélt þaðan í ferðalag til allra höfuðborga Norðurlanda.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gerð litprentuð sýningarskrá þar sem ferill Hrings er rakinn auk þess sem Áðalsteinn Ingólfsson listfræðingur ritar grein um listamanninn og nefnist hún Raunsæi og hlutagildi. Þar segir ma. um síðustu viðburði í list Hrings:



Hringur Jóhannesson við eitt verka sinna

„Máli Hringur eftir náttúrunni, eru skil öll skarpri en fyrr, stórir fletir fá að njóta sin og inn í umfjöllun málarans blandast igrundanir um meðferð mannsins á henni og ábyrgð hans gagnvart henni. Í gljáfægðum bílspegli sjáum við veg vinda sig gegnum mýrar og móa, mjallhvít mjöll er saurguð af fórum eftir stórgerð bildekk,

rafmagnsstaur speglast í tæri tjörn og andspænis straummikilli flúð trónar völdugt veiðihjól.“
Sýning Hrings verður opin kl. 16-22 virka daga en 14-22 laugardaga og sunnudaga fram til 13. mars nk. Flestöll verkin eru til sölu og kosta frá 25-300 þúsund kr.

—ÞH

Ein kgw stund af rafmagnni á 413 kr.

Við sögðum frá ótrúlega háu rafmagnsverði í Grundarfirði í Þjóðviljanum fyrir skömmu, en þar kostaði ein kgw. stund um 55 kr. Þetta er vissulega geysi há upphæð, en maður einn, sem hringdi til okkar gat sagt frá enn herra verði.

Hann býr í Reykjavík og þegar síðast var lesið af einum rafmagnsmæli hjá honum kom í ljós að aðeins hafði verið eytt einu kgw. af rafmagnni frá því síðast var lesið af mælimum.

Þegar svo reikningurinn kom hljóðaði hann uppá 413 kr. fyrir þessa einu kgw. stund. Þó kostar hún sjálf ekki nema 9 kr. en þegar búið var að hlaða öllu ofaná, sem þar átti að vera, var þessi eina kgw. stund komin uppí 413 kr.

Þarna kom til málaleiga, sölu-skattur og mörg önnur gjöld, sem varð til þess að þetta eina kgw. var komið uppí 413 kr. —S.óor

Árangur íslenskrar iðnkynningar á fimm mánuðum

4,2 miljarða söluaukning,

Mörg verkefni framundan í því að kynna íslenskan iðnað innanlands

Hjá íslenskum iðnfyrirtækjum, sem bæði starfa að framleiðslu og þjónustu hefur orðið 6% framleiðsluaukning á fyrstu fimm mánuðum í starfi „Íslenskrar iðnkynningar“, og miðað við að heildarframleiðsluverðmæti ísl. iðnaðar hafi numið um 70 miljörðum á árinu 1975 er um að ræða 4,2 miljarða aukningu. Má bæði beint og óbeint þakka þetta árangri þeirrar kynningarstarfsemi sem „Íslensk iðnkynning“ hefur beitt sér fyrir.

Þessar upplýsingar og margar fleiri komu fram á blaðamannafundi með verkefnisráði og framkvæmdastjóra „Íslenskrar iðnkynningar, sem haldinn var í gær. Þar var og frá því skýrt að frá því iðnkynningin hófst og til áramóta hefði verið varið 14 miljónum til þessa og ætlað væri að verja 19-20 miljónum til iðnkynningar fram til septemberloka þetta ár. Við þessar tölur bætist síðan kostnaður einstakra fyrirtækja, sem tek-

id hafa þátt í sýningum iðnkynningar svo og kostnaður bæjarfélaga.

Framundan er að halda dag iðnaðarins á Sauðárkróki, Ísafirði, Selfossi, Hellu, í tilefni 50 ára byggðarafmælis þess staðar og síðan í Reykjavík, og er gert ráð fyrir að sá „dagur standi í allt að viku“.

Þá er ráðgerð matvælakynning Framhald á bls. 18



Íslenskur iðnaðarmaður að störfum.

Stjórn Landssambands iðnverkafólks:

Samningum sagt upp strax

Fundur í fullskipaðri stjórn Landssambands iðnverkafólks, haldinn miðvikudaginn 23.2.1977, beindi því til aðildarfélaganna að þau segi upp gildandi kjarasamningum, svo að þeir renni út eigi síðar en 30. apríl, n.k., með það aðallega fyrir augum að vinna upp þá gífurlegu kjaraskerðingu, sem átt hefir sér stað undanfarið. Í ályktun fundarins segir:

„Tekur fundurinn undir þá kröfu er fram kemur í kjaramálaályktun síðasta A.S.Í. þings, að lágmarkslaun verði ekki undir krónum eitt hundrað þúsund á mánuði, tryggðum með óskertri vísitölu. Einnig að fast verði staðið á krónutölureglunni eins og hún

er fram sett í áður nefndri ályktun. Þá vill fundurinn leggja sér Framhald á bls. 18

Geimfararnir úr Saljút-5 lentir

MOSKVU 25/2 — Sovésku geimfararnir tveir, sem dvalist höfðu, rúmar tvær vikur í geimrannsóknastöðinni Saljút-5, lentu í dag heilu og höldnu norðaustur af Arkalyk í Kasakstan norðanverðu, samkvæmt tilkynningu frá sovésku fréttastofunni Tass. Dvöl geimfaranna tveggja í rannsóknastöðinni úti í geimnum varð öllu skemmri en búist hafði verið við.

SVONA ER KJARASKERÐINGIN

Við birtum í dag 25. dæmið um kjaraskerðinguna síðustu þrjú ár. Dæmin sýna hversu miklu lengur en áður verkamaður er nú að vinna fyrir sama magni af vörum. — Við tökum eina vörutegund á dag.

Upplýsingar um vöruverðið höfum við frá Hagstofu Íslands en upplýsingar um kaupíð frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, og er miðað við byrjunarlaun samkvæmt 6. taxa Dagsbrúnar.

25. dæmi
Mjólkurostur (45%)
í smástykkjum,

	Verð:	Kaup:
Febrúar 1974	kr. 305,-	kr. 166,30
Mái 1974	kr. 376,-	kr. 205,40
1 dag, febrúar 1977	kr. 952,-	kr. 414,80

NIÐURSTÖÐUR:

1. í febrúar 1974 (fyrir kjarasamningana þá) var verkamaður 110 mínútur að vinna fyrir 1 kg. af 45% mjólkurosti.

2. í maí 1974 var verkamaður líka 110 mínútur að vinna fyrir þessu sama magni af 45% mjólkurosti.

3. í dag, 26. febrúar 1977, er verkamaður hins vegar 138 mínútur að vinna fyrir einu kíló af sams konar mjólkurosti.

Vinnutíminn hefur lengst um 28 mínútur eða 25 - 26% hvort sem maður miðar við febrúar eða maí 1974.



45% mjólkurostur

Vara við ölinu

A fundi sínum í fyrradag samþykkti framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands að skora á Alþingi að fella framkomid frumvarp um að leyfa sölu á áfengum bjór. Framkvæmdastjórnin telur að framleiðsla og sala á sterku öli sé einkum varhugaverð unglíngum og æskufólki.